



Borgarráð

Framtíðarhúsnæði Kolaportsins - starfshópur

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðarhúsnæði Kolaportsins er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um framtíðarhúsnæði Kolaportsins, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um húsnæði Kolaportsins

Ábyrgðarmaður: Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Flóamarkaður í miðborg Reykjavíkur undir heitinu Kolaportið var fyrst komið á laggirnar laugardaginn 8. apríl árið 1989 og var húsnæði þess staðsett í bílgeymslum Reykjavíkurborgar undir Seðlabanka Íslands við Arnarhól. Fimm árum síðar, 15. maí 1994 flutti Kolaportið sig um set á jarðhæð Tollhússins við Tryggvagötu og hefur verið þar síðan. Það var Þróunarfélag Reykjavíkur sem leigði húsið af Fjármálaráðuneytinu og endurleigði aftur til félags um Kolaportið. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að breyta Tollhúsinu í nýjar höfuðstöðvar Listaháskóla Íslands og því ljóst að þörf er á því að finna nýtt húsnæði undir starfsemi Kolaportsins í miðborginni.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að gera þarfagreiningu á húsnæði undir flóamarkað, kortleggja möguleika og bestu staðsetningar í miðborginni, þmt með því að framkvæma markaðskönnun þar sem auglýst er eftir mögulegum valkostum. Í kjölfar þess sendir hópurinn niðurstöður sínar til borgarráðs með tillögum að næstu skrefum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Þarfagreining á húsnæði undir flóamarkað
- Kortleggja mögulegar staðsetningar
- Framkvæma markaðskönnun
- Viðræður við aðila sem eiga hentugt húsnæði og/eða svara auglýsingu
- Senda borgarráði tillögu að næstu skrefum

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Fulltrúi borgarhönnunar á umhverfis- og skipulagssviði.

Fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Fulltrúi eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði.

Fulltrúi Kolaportsins.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Verkefnisstjóri atvinnu- og borgarþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavíkurborg

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok október 2022.

Reykjavík, [ó dags.]

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri